

TILMÆLI nr. S1

2013/EES/37/36

frá 15. mars 2012

um fjárhagslega þætti varðandi líffæragjöf lifandi gjafa yfir landamæri (*)

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

(2012/C 240/04)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU
ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almennatryggingakerfa⁽¹⁾, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitæfni sem lúta að framkvæmd og túlkun í tengslum við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009⁽²⁾,

með hliðsjón af 7. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af 48. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sambandið skal í aðgerðum sínum virða ábyrgð aðildarríkjanna á því að móta eigin stefnu í heilbrigðismálum og skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp.
- 2) Aðgerðir Sambandsins skulu ekki hafa áhrif á ákvæði landslaga um líffæra- og blóðgjafir eða notkun líffæra og blóðs í læknisfræðilegum tilgangi.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 883/2004 er ekki kveðið á um lausn varðandi endurgreiðslu sjúkraaðstoðar til lifandi gjafa

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB C 240, 10.8.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 38/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1 (með leiðréttingum samkvæmt Stjtið. ESB L 200, 7.6.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almennatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1).

þegar löggjöfin, sem hann heyrir undir, útilokar eða kveður ekki á um endurgreiðslu kostnaðar og löggjöfin, sem líffæraþeginn heyrir undir, gerir ekki ráð fyrir greiðslu á kostnaði gjafans.

- 4) Það er viðurkennt að líffæraígræðsla er kostnaðarhagkvæm meðferð sem hefur leitt til mjög aukinna lífsgæða fyrir sjúklinga og verður líffæragjöf frá lifandi gjöfum að fara þannig fram að félagslegri áhættu hvers gjafa sé haldið í lágmarki.
- 5) Þar til bær stofnun, sem líffæraþegi heyrir undir, skal leita mannúðlegrar, sértækrar lausnar og endurgreiða þá aðstoð sem kemur til vegna líffæragjafar yfir landamæri ef ekki er kveðið á um í þeirri löggjöf, sem líffæragjafinn fellur undir, endurgreiðslu til lifandi líffæragjafa eða almennt vegna líffæragjafar frá lifandi gjafa.
- 6) Gera verður lifandi líffæragjafa kleift að taka sjálfstæða ákvörðun á grundvelli allra viðeigandi upplýsinga og hann skal upplýstur fyrir fram um þátttöku heilbrigðiskerfisins, endurgreiðslu kostnaðar sem tengist líffæragjöf yfir landamæri og mögulegt tekjutap sem er bætt upp með sjúkrabótum í peningum.

MÆLT MEÐ EFTIRFARANDI:

1. Þegar lögbær yfirvöld líffæraþega undirbúa eða heimila líffæragjöf frá lifandi gjafa, sem tryggður er í öðru aðildarríki, skulu þau taka til athugunar aðgang gjafans að heilbrigðiskerfinu vegna vandamála í tengslum við líffæragjöfina.

2. Lögbær yfirvöld líffæraþegans skulu finna mannúðlega lausn og endurgreiða nauðsynlega aðstoð vegna líffæragjafar yfir landamæri frá lifandi gjafa ef ekki er kveðið á um rétt gjafans til sjúkraaðstoðar í þeirri löggjöf sem hann heyrir undir.

3. Lögbært yfirvald gjafans skal greiða sjúkrabætur í peningum í samræmi við þá löggjöf, sem það beitir, án tillits til þess í hvaða aðildarríki líffæragjöfin fór fram og hver líffæraþeginn er. Fara skal með mögulegt tekjutap gjafans í tengslum við líffæragjöfina eins og hverja aðra óvinnufærni samkvæmt þeirri löggjöf, sem gjafinn fellur undir, þar sem ekki eru nein rök fyrir því að fara með óvinnufærni í tengslum við líffæragjöf með öðrum hætti en þegar um er að ræða aðra óvinnufærni af heilsufarsástæðum.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Karin MØHL LARSEN
